

Sþ.
um vetrarorlof.

460. Tillaga til þingsályktunar

[191. mál]

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Eysteinn Jónsson,
Pétur Sigurðsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hafa um það forgöngu við ASÍ og önnur stéttarsambönd í landinu, að kannað verði, hvernig auðvelda megi almenningu að njóta orlofs á vetrum sér til hressingar og hvíldar, bæði innanlands við útilif og í hóporlofsferðum til Suðurlanda. Verði m. a. leitað samvinnu við Flugfélag Íslands og Loftleiðir um mál þetta, svo og innlendar ferðaskrifstofur.

Greinargerð.

Nú er litið svo á, að i raun rétti eigi hver vinnandi þegn rétt á tilteknu leyfi árlega frá störfum sér til hressingar og hvíldar, svonefndu orlofi. Sívaxandi vélvæðing í atvinnulífi, siaukið þéttbýli, hráði og hávaði eykur á þörf manna til að njóta orlofs síns sem bezt, komast úr sínum venjuhring sér til andlegrar og líkamlegrar endurnæringer. En svo að orlofin verði raunveruleg almennungseign, þurfa menn að geta notið þeirra á ódýran og hagkvæman hátt, og þau þurfa að falla á þaum tíma, sem almenningur getur leyft sér að taka þau vegna atvinnuafkomu sinnar. Sökum legu Íslands eru sumur hér stutt, en vetur langir. Þjóðinni veitir þess vegna ekki af að nota sumartímann sem bezt til vinnu, en þá verða orlofin afskipt hjá mörgum, nema annar háttur komi til, það er að nota vetrartímann, þegar minna er um atvinnu og erfiðara um ýmsar vinnuframkvæmdir.

Nú verður það aldrei svo, að stórir hópar manna taki sér ekki a. m. k. við og við orlof á sumrin, enda æskilegt, svo að almenningur kynnist landi sínu í sumarbúningi. En þegar haft er í huga, hve stór hluti þjóðarinnar er á orlofsaldri, ef svo má segja, og margir af þeim stóra hluta komast ekki í orlof á sumrin vegna aðstæðna, gefur auga leið, að hér er þörf úrbóta. Verður þá fyrst fyrir að hugsa til bættrar aðstöðu til að njóta útilifs innanlands á veturna, svo sem skiða- og sleðaferða og skautaiðkana, en hins vegar að auðvelda mönnum að sækja sér sumarauka á vetrum til Suðurlanda. Eitt á við þennan, annað við hinn.

Undanfarin ár hafa stéttarfélög og ýmsir aðrir aðilar unnið giftudrjúgt starf að orlofsmálum, og kvenfélög hafa barizt ötullega fyrir orlofi húsmæðra. Samt sem áður er staðreynd, að fjölmargir, sem rétt eiga á orlofi og þurfa þess ekki sízt við, geta ekki tekið það nema endrum og eins, sumir aldrei, ýmist vegna fjárskorts eða tímaskorts á venjulegum orlofstíma. Hér þarf að verða gerbreyting á. Hún verður ekki, nema orlofin færst í verulegum mæli á vetrartímann líka, en það gerist ekki, nema það takist að gera vetrarorlof eftirsótt sem slik. Hér er það, sem forusta ríkisvaldsins í samvinnu við stéttarfélög, ferðaskrifstofur og flugfélögini gæti valdið straumhvörfum. Sé þetta skipulagt í stórum stil og af myndarskap jafnframt ýtrstu hagsýni, er ekki fjarri sanni að álykta, að sá beini kostnaður, sem af slíkri framkvæmd yrði, skilaði sér aftur og vel það í þjóðarbúið um auknar sumarvinnustundir.

Varðandi hóporlofsferðir á vetrum til Suðurlands skal svo loks bent á það, hvort þar sé ekki athyglisvert verkefni fyrir þotu F.Í., eða auðgert fyrir Loftleiðir að griða hópa og hópa í sínar vélar, þegar fátt er um farþega á auglýstum leiðum. Hitt má engum dyljast, að þessar ferðir verða að vera mun ódýrarí en þær gerast nú, eigi þær að verða á almennings færi. Sliku á fjöldaháttaka að koma til leiðar, og þær mega ekki vera skipulagðar sem eyðsluferðir, heldur hressingarferðir.